

Kynskipti: Stríðið gegn fjölskyldu og foreldrum

Nýlega tóku gildi á Íslandi lög, sem heimila unglingum að skipta um kyn að eigin frumkvæði, án leyfis eða aðkomu foreldra. Texti laganna er samkvæmt því sem forsætisráðherra vor, Katrin Jakobsdóttir, hefur upplýst, saminn af tveim merkustu kyn(ja)fræðingum þjóðarinnar, Svandísi Svavarsdóttur, núverandi heilbrigðisráðherra, og Uglu Stefaníu Kristjónudóttur Jónsdóttur, formanni Félags kynskiptinga á Íslandi, einni valdamestu konu heims samkvæmt útlendu tímatriti.

Vald- og áhrifaleysi foreldra um afdrif barna sinna er eftirtektarvert eins og sú sannfæring ofanefndra kynfræðinga og þeirra Alþingismanna, sem greiddu atkvæði með lögunum, að kyni sé úthlutað börnum. Þetta orðalag (trúlega þýðing á „assigned“) endurspeglar þá kvenfrelsunartrú, að kyn sé ekki meðfætt, heldur sé um að ræða fyrirbæri, sem sé áunnið í einhvers konar samningum milli tiltekins barns og umhverfisins. Því geta kyn verið svo ótalmörg. Það ræðst af hugtakavaldinu, þ.e. þeim, sem búa yfir mætti orðsins. Þannig er kyn „byggt upp“ og þannig má það rífa niður („afbygging“ - deconstruct) og endurbyggja.

Eins og kunnugt er hafa kvenfrelsarar skorið upp herör gegn svokölluðu feðraveldi, sem kristallast í eitradri karlmennsku. Þeir hafa skipað sér í sveit með alls konar öðrum kúguðum „minnihlutahópum,“ samskipunarkvenfrelsun (intersectionalism) heitir það, til að knýja fram breytingar. Fækkun karla er meðal mikilvægustu baráttumála.

Því er varla kyn þótt kyn komi í brennidepil í því viðfangi. Fram undir okkar tíma hafa kynskiptingar iðulega verið karlar. Uppeldi kvendrengjanna hefur stuðlað að því, að þeir hafa samsamað sig mæðrum sínum, en ekki föður. En nú hefur skolið á flóðbylgja stúlkna, sem á sama hátt eru sannfærðar um, að þær búi í röngum líkama, séu eiginlega karlar.

Kynleysuhugmyndafræðin er orðin að fagnaðarerindi, sem er víða er boðað – ekki síst í skólum. Þar er börnum kennt, að kyn þeirra sé einhvers konar flæði milli tveggja skauta, hins kvenlega og karllega, og að þau taki sjálf ákvörðun um hvers kyns þau séu. Þegar sú ákvörðun liggja fyrir, stöðvist flæðið (líklega tímabundið). Þeim er einnig kennt, að karlar hafi kúgað konur frá upphafi vega, og því skuli hygla þeim og hampa á kostnað karla á ýmsa vegu, svo þær megi varpa af herðum sér oki karla, sem öll völd hafi enn þann dag í dag.

Hugdettu barns um kynferði sitt skal hvergi mótmælt. Heilbrigðiskerfinu er skylt að taka hugdettuna í fullri alvöru, sýna barninu stuðning (affirmative). Þetta er hin nýja heilbrigðisstefna á Vesturlöndum. Það eru mörg dæmi þess, að börn, jafnvel tólf ára að aldri, séu sett á lyf, svonefnda kynþroska- eða gelgjuskeiðshemla (puberty blockers) til að koma í veg fyrir, að þau þroskist eins og náttúran býður í samræmi við milljón ára þróun. Hugdetta barna og áróður hugmyndafræðinganna vegur þar þyngra.

Þegar börnin eldast eru þeim svo gefnir kynvakar í samræmi við það kyn, sem þau kjósa sér. Það er eftirtektarvert, að hér er ýmist um að ræða karl- eða kvenkynvaka, enda þótt hugmyndafræðin segi til um fjölda kynja. (Ein fimmtíu segja hugmyndafræðingarnir.) Venjulega eru þau ekki frædd um allra handa aukaverkanir af ofturskömmun kynvaka ellegar áhrifum þeirra breytinga, sem svonefndar „kynleiðréttingaskurðaðgerðir“ (reassignment surgery) hafa í för með sér, t.d. það, að (venjulega) geta þau ekki aukið kyn sitt.

Jafnvel þótt lög bjóði, að sérfræðingarnir, sem hafa síðasta orðið, skuli ráðfæra sig við foreldra barna fram að lögaldri (oftast 15 til 18 ára), ber oft og tíðum svo við, að þeir eru hunsaðir og þeim borið á brýn að styðja ekki börn sín. Börnin, sem um ræðir, eru sömuleiðis oft á valdi lokaðra „stuðningshópa“ á netinu, sem hvetja þau til dáða. Þetta eru eins konar bergmálshellar. Oft þiggja þau einnig stuðning kynskiptahugmyndafræðinganna, sem iðulega játast undir kvenfrelsunarhugmyndafræði um kyn og berjast í

samtökum þess háttar hreyfinga. Þegar öllu er á botninn hvolft, hafa kvenfrelsarar erindi sem erfiði. Með kvenkörlunum hverfur eittraða karlmennskan, samtímis því að konur hljóta „karllega“ valdeflingu. Svo halda þær að minnsta kosti. Með karlkonunum eru karlar geltir beint og óbeint, gerðir „meinlausir.“

Foreldrar voru teknir í bólinu eins og almenningur allur. Kynskiptafárið hefur gersamlega farið úr böndunum og ráð tekin af foreldrum. Ríkis- og sérfræðingavald hefur hrifsað uppeldisvaldið af þeim og heilbrigðiskerfið vinnur gegn þeim. Óráðþægir foreldrar eru jafnvel sakaðir um að stuðla að þunglyndi barna sinna og óbeint að sjálfsvígum þeirra. Svo óvæginn er sókn umræddra sérfræðinga.

Hvert er hreyfiafl hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmanna? Sumir hafa augljóslega orðið sefasýki að bráð, því öllum heilbrigðisstarfsmönnum ætti að vera ljóst, að skilningur á eigin kynferði skýrist ekki að fullu, fyrr en að áliðnu gelgjuskeiði. Í nútíma samfélagi lengist það stöðugt. Aftur á móti er skiljanlegt, en siðferðilega andstyggilegt, að þeir, sem þiggja beinar greiðslur fyrir verkið, gæti hagsmuna sinna. Þannig virkar heilbrigðismarkaðurinn. Flestir skara þar eld að eigin köku og leitast við auka sína markaðshlutdeild.

En hamingjusamlega virðast foreldrar og ábyrgir fagmenn vakna til vitundar og spyrna gegn. Einnig fórnarlömb slíkra misþyrminga í heilbrigðiskerfinu. Skömmu fyrir síðustu áramót féll t.d. dómur í Lundúnum, þar sem fórnarlambi voru dæmdar bætur. Í afar vönduðum dómi er ályktað (skiljanlega), að slík inngrip fái hvorki staðist fagleg né siðleg rök.

Hér að neðan er krækja á spjall hins ötula baráttumanns fyrir jafnrétti, ástralska kynfræðingsins, Bettina Arndt, við foreldri „kvenstráka“ í Bandaríkum Norður-Ameríku, öðru í Nýju Jórvík (NY) og hinu í Suðurríkjunum. Það síðastnefnda, móðir í heilbrigðisgeiranum, óskar nafnleyndar. Hún óttast viðbrögð og viðurlög. Það fyrra, faðir, bendir m.a. á, að allir heilbrigðisstarfsmenn, sem að málinu koma við Rochester sjúkrahúsið í Nýju Jórvík, séu konur.

Því má svo við bæta, að konur eru mikill meirihluti þeirra, sem koma að opinberri þjónustu og stjórnsýslu í sambandi við börn og fjölskyldur, sama hvert litið er. Gæti það skipt máli?

https://www.thinkspot.com/online_content/bettina-arndt/live-bettina-arndt-and-parents-of-trans-identifying-sons/Dauxed/Event?live=yes&t=watch&m=r&re=y&recorded=y